

Alþingi
Erindi nr. P 138/884
komudagur 8.1.2010



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2010

Umsögn Mátis ohf um tillögu til þingsályktunar um skilaskyldu á ferskum matvörum
Þskj. 22 – 22. mál, 138. löggjafarþing 2009-2010

Mátis lýsir yfir stuðningi við að setja eigi reglur yfir skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum. Reglurnar eru ekki einungis mikilvægt skref í að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendarar framleiðslu. Þær eru ekki síður mikilvægar með tilliti til heilbrigðis- og umhverfissjónarmiða. Hvað verður um þá vöru sem skilað er tilbaka til framleiðanda og hvernig er ákvörðun um nýtingu/eyðingu þeirra tekin? Hvað kostar að flytja vörur fram og tilbaka landshornanna á milli? Það er nokkuð ljóst að á lokum lendir sá kostnaður á neytandanum.

Mátis hefur séð í gegnum margvísleg verkefni að full þörf er á að meta heildstætt núverandi fyrirkomulag á skilaskyldu matvæla og setja reglur þar um. Mátis styður því þá ályktun Alþingis að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu matvæla og býður fram aðstoð sína við þá vinnu.

Virðingarfyllst,

Sjöfn Sigurgísladóttir
forstjóri